

Ed.

2. Frumvarp til laga

[2. mál]

um húsbýggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávik frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykktá, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973

2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr. eru:

- 1) Lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, sbr. og lög nr. 84/1943.
- 2) Lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, dags. 26. jan. 1966, og lög nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 14/1897.
- 3) Lög nr. 108/1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
- 4) Skipulagslög nr. 19/1964.
- 4) Lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál.
- 6) Orkulög nr. 58/1967.
- 7) Lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávik frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykktá, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávik frá ákvæðum í töluliðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávik frá ákvæðum 5. töluliðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálstofnunar ríkisins, en frávik frá ákvæðum 6. töluliðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskráinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um húsbýggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess, að sett verði bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskráinnar um húsbýggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar. Ákveðið hefur verið að kaupa til landsins verksmiðjugerð timburhús til þess að mæta húsnæðisþörf Vestmannaeyinga, og eru þau hús keypt fyrir fé, er hin Norðlöndin hafa lagt fram. Nú er ljóst, að gerð húsa þessara samræmist ekki að öllu leyti ákvæðum íslenzkrar byggingarlöggjafar, en jafnframt er ljóst, að það, sem á milli ber, skipti ekki meginmáli, enda um að ræða hús, er standast strangar kröfur grannþjóða okkar og í samræmi við byggingarlöggjöf þeirra. Þá er og ljóst, að bygging þessara húsa fer fram með öðrum hætti en gildandi lög mæla fyrir og íslenzkar byggingarvenjur gera ráð fyrir.

Fyrir því þykir nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög, þannig að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við íslenska löggjöf og ekki verði ónauðsynlegar tafir á framkvæmdum. Ástæðulaust þykir að ætlast til þess að hlutaðeigandi sveitarstjórnir geri almennar breytingar á sínum samþykktum og reglugerðum, enda einungis að því stefnt, að umrædd ákvæði gildi um þau hús, sem reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskráinnar á þessa leið:

1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávík frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykktu, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973.

2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr. eru:

- 1) Lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, sbr. og lög nr. 84/1943.
- 2) Lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstað-

- um Ísafirði, dags. 26. jan. 1866, og lögum nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 14/1897.
- 3) Lög nr. 108/1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
 - 4) Skipulagslög nr. 19/1964.
 - 5) Lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál.
 - 6) Orkulög nr. 58/1967.
 - 7) Lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávik frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykktá, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávik frá ákvæðum í töluliðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávik frá ákvæðum 5. töluliðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, en frávik frá ákvæðum 6. töluliðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1973.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.